

Sp.

117. Fyrirspurnir.

[114. mál]

I. Til samgönguráðherra um lestur veðurfregna.

Frá Tryggva Gunnarssyni.

Hvers vegna er loftskammtönnum á strandstöðvum landssímans bannað að lesa veðurfregnir á metrabylgju?

II. Til fjármálaráðherra um þátttöku Hafnarfjarðarkaupstaðar í greiðslu kostnaðar vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Kjartani Jóhannssyni, Ólafi G. Einarssyni,
Geir Gunnarssyni, Markúsi Á. Einarssyni, Salome Porkelsdóttur,
Karli Steinari Guðnasyni.

- 1) Hvar er að finna lagaákvæði eða samninga, þar sem Hafnarfjarðarkaupstað er gert að taka þátt í kostnaði við athugun á starfsemi Íslenska álfélagsins, sem iðnaðar-ráðuneytið hefur staðið fyrir?
- 2) Hver tók þá ákvörðun, að Hafnarfjarðarkaupstað er gert að taka þátt í umræddum kostnaði, sem ríkisbókhaldið tilkynnir í bréfi 5. nóv. s. 1.?
- 3) Hefur Hafnarfjarðarkaupstað áður verið gert að taka þátt í slíkum kostnaði?
- 4) Hefur verið haft samráð við Hafnarfjarðarkaupstað um þá athugun sem fram hefur farið?
- 5) Var umrædd ákvörðun tekin með vitneskju Hafnarfjarðarkaupstaðar?
- 6) Hvenær hófust greiðslur á umræddum kostnaði?
- 7) Hvernig skiptist kostnaður á árinu 1981 vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins, að fjárhæð kr. 2 831 803, á eftirtalda útgjaldaflokka:
 - a) Aðkeypt sérfræðiþjónusta.
 - b) Ferðakostnaður.
 - c) Funda- og risnukostnaður.
 - d) Annað?
- 8) Hver er útlagður kostnaður vegna athugunar á starfsemi Íslenska álfélagsins til 31. okt. 1982 og hvernig greinist hann á sömu útgjaldaflokka?
- 9) Hefur verið tekin afstaða til athugasemda Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna umræddrar gjaldfærslu?